



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. skrifstofu umhverfis og skipulags
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 1. október 2019

1909008SA VÓHS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags

Vísað er til reglugerðardragna sem nú eru til kynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins. Um er að ræða tillögu að nýrri reglugerð, sett á grundvelli laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Í reglugerðardrögunum er kveðið nánar á um efni og kynningu lýsingar vegna gerðar strandsvæðisskipulags, efni og framsetningu þess og samráð og kynningu við gerð og afgreiðslu skipulagsins. Átta manna svæðisráð, sem samanstendur af fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags og er í drögunum kveðið nánar á um starf svæðisráða.

Almennt

Sambandið tók þátt á sínum tíma í vinnu við gerð frumvarps sem síðar var að lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem sambandið þurfti að víkja verulega frá stefnu þeirri sem samþykkt var af stjórn sambandsins 21. nóvember 2014 á grundvelli umfjöllunar á XXXVIII. landsþingi sambandsins þar sem lögð var áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginna, yrði á forræði sveitarfélaga. Ekki var fallist á þetta mikilvæga sjónarmið sveitarfélaganna og miðast því strandsvæðisskipulag frá ytri mörkum netlaga, sem jafnframt eru ytri mörk skipulagslögsögu sveitarfélaga, að þeirri viðmiðunarlínu sem tilgreind er í 1. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

Þess ber þó að geta að innan forsætisráðuneytisins er vinna hafin við frumvarp til breytingar á lögum um þjóðlendur, nr. 58/1998 þar sem lagt er til að óbyggðanefnd verði heimilað að bæta viðbótarþrepi við málsmeðferð í tengslum við landsvæði utan strandlengju meginlandsins. Í frumvarpinu er því haldið fram að óbreyttar málsmeðferðarreglur óbyggðanefndar muni leiða til þess að nefndin þyrfti líklega lengri tíma til að ljúka verkefni sínu þar sem þungt væri í vöfum að viðhafa sömu málsmeðferð og hingað til þegar kemur að úrlausn um landsvæði utan strandlengju meginlandsins, svo sem eyjar, hólma, sker og dranga umhverfis landið. Sambandið hefur í umsögn sinni um framangreint mál, gert ákveðinn fyrirvara við þá málsmeðferð þegar nefndin tekur landsvæði utan strandlengju meginlandsins til meðferðar og hvetur umhverfis- og auðlindaráðuneytið til þess að skoða frumvarp um þjóðlendur, því mikilvægt sé að tryggja innbyrðis samræmi skipulagsáætlana og að störf svæðisráða skarist ekki á við störf óbyggðanefndar við gerð strandsvæðisskipulags.

Ábendingar við 12. gr.

Sambandið hefur afar litlar athugasemdir við drögin en vill þó koma á framfæri orðalagsbreytingu á 12. gr., svohljóðandi:

Tilgreina skal í umhverfisskýrslu hvort gerðar eru tillögur um skilyrði fyrir framkvæmdum í strandsvæðisskipulag til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið.

Tillaga þessi, er að áliti sambandsins í mun betra samræmi við ákvæði 10. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri